

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Þórshamri
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1857
komudagur 3/5 1996

Reykjavík, 30. apríl 1996

Efni: Umsögn um frumvörp um samræmda skattlagningu fjármagnstekna.

Í bréfi yðar dags. 19. þ.m. er óskað umsagnar Sambands lánastofnana um stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum (421. mál) og fylgifrumvarp þess um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (422. mál).

Lagt er til í frumvörpunum, að skattlagning fjármagnstekna verði samræmd. Verði það með þeim hætti, að lagður verði 10% skattur á vaxtatekjur og skattur verði lækkaður á arð, söluhagnað og leigutekjur í 10%. Skattur af innlendum vaxtatekjum og arði verði innheimtur í staðgreiðslu en skattur af öðrum fjármagnstekjum verði lagður á samkvæmt framtali. Fjármagnstekjur lífeyrissjóða verði undanþegnar skattinum.

Í umsögn þessari verður fjallað almennt um efni frumvarpanna en ekki einstakar greinar þeirra.

1. Áhrif á sparnað og vexti.

Áformuð skattlagning fjármagnstekna um 10%, þar sem um er að ræða staðgreiðsluskatt af vaxtatekjum og lækkun á skatti af arði, söluhagnaði og vaxtatekjum í sömu hlutfallstölu, hlýtur að kalla á upplýsingar um heildaráhrif þessara aðgerða á sparnað í landinu.

Það gefur auga leið, að áhrif skattlagningar á sparnað einstaklinga mun leiða til flutnings frá eignum, sem gefa af sér vaxtatekjur og verða skattlagðar og yfir í eignir, sem skattar verða lækkaðir á eða að fjármunir verði notaðir til eyðslu í stað sparnaðar.

2. Breytt umhverfi.

Í skýrslu nefndarinnar, sem undirbjó áðurnefnd frumvörp um fjármagnstekjuskatt eru upplýsingar um alþjóðlega þróun í skattlagningu fjármagnstekna. Þar kemur fram, að á undanförnum misserum hefur skattur vaxtatekna lækkað talsvert í ýmsum aðildarríkjum OECD, beinlínis vegna þess að fjármagn hefur leitað úr viðkomandi löndum til þeirra landa, sem hvorki leggja á staðgreiðsluskatt eða veita öðrum ríkjum upplýsingar um bankainnstæður erlendra aðila.

Athygli skal vakin á því breytta umhverfi sem við búum í með samningnum að hinu evrópska efnahagssvæði og vaxandi kunnáttu einstaklinga og fyrirtækja í því að nota þá kosti, sem samningurinn hefur að bjóða.

Þá er meiri ástæða til þess að óttast fjárflotta úr landi, eftir að fram komu á Alþingi frumvörp um skattlagningu vaxtatekna (428. og 429. mál), þar sem gert er ráð fyrir hærri skatthlutfalli en skamkvæmt stjórnarfrumvörpunum um fjármagnstekjuskatt. Þar með er staðfest, að fyllsta ástæða er til þess að vænta hækkunar skattsins síðar.

3. Fjármagnstekjuskattur og eignarskattur.

Æskilegt er að samtímis álagningu fjármagnstekjuskatts sé hugað að eignarskatti. Eignarskattar eru hærri hér á landi en í öðrum OECD ríkjum. Verði af álagningu fjármagnstekjuskatts án þess að eignarskattar verði lækkaðir stefnir í það, að fjármagnstekjuskattur og eignarskattur taki um 45% af raunávöxtun eignar og um 50%, þegar til viðbótar kemur sérstakur eignarskattur.

4. Lífeyrissjóðir.

Þrátt fyrir að ætlunin hafi verið að samræma skattlagningu fjármagnstekna, er lagt til í frumvarpinu að vaxtatekjur lífeyrissjóða verði undanþegnar skattinum. Þetta er athyglisvert í ljósi þess, að vaxtatekjur lífeyrissjóða voru árið 1994 60% hærri en þær vaxtatekjur, sem ætlunin er að skattleggja. Hér er því alls ekki um að ræða samræmda skattlagningu fjármagnstekna.

Núverandi ríkisstjórn hefur heildarendurskoðun lífeyrismála á verkefnaskrá sinni og hefur viðskiptaráðherra lýst þeirri skoðun sinni, að mikilvægt sé að sett verði lög um stöðu og hlutverk þeirra og séreignarsjóða lífeyrisréttinda og að launafólki verði heimilað að greiða hluta lífeyrisgjalds í slíka sjóði að eigin vali.

Spyrja má hvort undanþága frá fjármagnstekjuskatti fyrir lífeyrissjóðina sé ekki til þess fallin að viðhalda núverandi lífeyrissparnaðarkerfi og tefja þær nauðsynlegu breytingar, sem um hefur verið rætt.

5. Áhrif á vexti.

Bent skal á, að skattur á nafnvexti hefur þann galla, að skattlagning raunávöxtunar er háð verðbólgu. Skattlagning raunávöxtunar mun því aukast, eftir því sem raunvextir lækka og verðbólguþáttur nafnvaxta verður stærri.


Með vaxandi verðbólgu gæti því orðið um óhóflega skattþíningu á raunvöxtum að ræða, sem eflaust hefði í för með sér hækkun vaxta, sem síðan myndi valda hækkun útlánsvaxta lánastofnana og auka fjármagnskostnað lánþega, einstaklinga jafnt sem fyrirtækja.

6. Ljóst er að töluverður kostnaður mun hljóta af innheimtu fjármagnstekjuskatts fyrir lánastofnir.

Jafnframt liggur ljóst fyrir að afgreiðsla mun taka lengri tíma og upp kunna að koma ýmis álitamál. Eiknum á það við hjá lánastofnunum, sem afla sér fjár með útboði verðbréfa á innlendum fjármagnsmarkaði.

Með vísun til áðurtaldra athugasemda mælir stjórn Sambands lánastofnana ekki með samþykkt frumvarpa um samræmda skattlagningu fjármagnstekna.

Virðingarfyllst,
f.h. Sambands lánastofnana



Bragi Hannesson, formaður